

Priðjudagur 21. nóvember 1972.

Nr. 158/1971. Þorvaldur Steinason

(Guðmundur Ingvi Sigurðsson hrl.)

gegn

Fjármálaráðherra f. h. ríkissjóðs

(Sigurður Ólason hrl.).

Dóminn skipuðu hinir reglulegu dómara Hæstaréttar.

Ríkisstarfsmenn. Frávikning úr starfi. Skaðabætur. Sératkvæði.

Dómur Hæstaréttar.

Áfrýjandi hefur áfrýjað máli þessu með stefnu 20. október 1971. Krefst hann þess, að stefnda verði dæmt að greiða honum skaðabætur að fjárhæð kr. 1.769.000.00 með 7% ársvöxtum frá 1. marz 1967 til greiðsludags og málskostnað í héraði og fyrir Hæstarétti.

Stefndi krefst staðfestingar hins áfrýjaða dóms og málskostnaðar fyrir Hæstarétti úr hendi áfrýjanda.

Eftir uppsögu héraðsdóms hefur verið aflað nokkurra nýrra gagna.

Svo sem rakið er í hinum áfrýjaða dómi, var áfrýjandi ráðinn gæzlumaður að fávítahælinu í Kópavogi 1. október 1963. Forstöðumaður hælisis annaðist ráðningu. Ekki var gerður skriflegur ráðningarsamningur, og í málinu hefur ekkert fram komið um, hvað rætt hafi verið um ráðningar- og starfskjör áfrýjanda. Hinn 8. febrúar 1967 vék forstöðumaður hælisis áfrýjanda úr starfi um stundarsakir, en að fullu með bréfi 10. maí 1967. Ekki eru bornar brigður á, að forstöðumaðurinn hafi verið bær til að taka ákvarðanir þessar.

Eins og rakið er í hinum áfrýjaða dómi, fór fram fyrir sakadómi rannsókn út af kæru forstöðumanns Kópavogshælisis á hendur áfrýjanda vegna ærumeiðinga og brottvikningar áfrýjanda úr starfi. Saksóknari ríkisins gaf út ákæru á hendur áfrýjanda 23. maí 1967, þar sem ummæli áfrýjanda um forstöðumann hælisis í blaðagrein einni voru talin

varða við 108. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940. Var sakadómssmál síðan þingfest 1. október 1968. Leitt er í ljós, að dómur hafi enn eigi gengið í máli þessu.

Í bréfi fjármálaráðuneytisins 11. nóvember 1972, sem fram hefur verið lagt í Hæstarétti, eru ýmsar upplýsingar um venjur við uppsagnir á störfum ráðinna ríkisstarfsmanna og skipaðra svo og um það, hvaða efnisatriði ráði því, hvort starfsmaður sé ráðinn eða skipaður í starf. Af bréfinu verður ekki ályktað, að myndast hafi fastar venjur um uppgjör greiðslna vegna þess, að ráðinn starfsmaður hafi hætt starfi fyrir uppsögn eða frávikningu af hálfu ríkisins. Þá ber bréfið með sér, að á reiki er, hvort ríkisstarfsmenn séu skipaðir eða ráðnir.

Áfrýjandi var ráðinn til gæzlustarfs þess, sem að framan greinir, til ótiltekins tíma og án þess að um uppsagnarfrest væri samið. Hann tók laun samkvæmt kjarasamningum opinberra stafsmanna.

Fallast verður á þá niðurstöðu héraðsdóms, að ósannað sé, að áfrýjanda hafi verið veitt áminning vegna ávirðingar í starfi sínu, og er frávikning hans um stundarsakir þegar af þeirri ástæðu ólögmæt, sbr. 7. gr., 2. mgr., laga nr. 38/1954, sem hér þykir eiga við.

Af hálfu stefnda er ekki byggt á þeirri málsástæðu, að áfrýjandi hafi gerzt sekur um ámælisverða háttsemi í starfi sínu, slíka er réttlæti frávikningu hans án áminningar. Stefndi, sem ekki hefur gagnáfrýjað málinu, reisir vörn sína á því, að 4. gr. nefndra laga eigi ekki við um starf áfrýjanda, með því að hann hafi ekki verið skipaður heldur ráðinn til starfs síns. Hafi verið heimilt að segja honum upp starfi með uppsagnarfresti, sem réttmætt sé, eins og á stendur, að miða við 3 mánuði.

Ef fallitz yrði á skoðun stefnda, fælist í því, að grundvallarmunur yrði á réttarstöðu manna, sem ráðnir væru ótímabundið til starfa í þágu ríkisins annars vegar, og hinna, sem skipaðir væru til slíkra starfa. Meginregla 1. gr. laga nr. 38/1954 sýnir, að slíkir ráðnir menn komi almennt undir ákvæði laganna. Það er aðeins í 4. og 10. gr., sem vikið er

sérstaklega og berum orðum að skipuðum mönnum í lögum þessum framar ráðnum mönnum. Í athugasemdum í greinargerð með 4. gr. frumvarps til laga nr. 38/1954 er ekki greint frá því, að stofnað sé til þess að gera mun á stöðu skipaðra manna og ráðinna, og er almennt rætt um opinbera starfsmenn í þeim athugasemdum. Samkvæmt gögnum máls er óglögg, hver efnisleg viðmiðun er viðhöfð, þegar það er metið, hvenær ríkisstarfsmaður sé skipaður og hvenær ráðinn, og er þar ekki við traustar stjórnsýsluvenjur að styðjast. Í löggjöf um ríkisstarfsmenn og einstakar ríkisstofnanir er það og mjög á reiki, hvort mælt sé fyrir um skipun starfsmanna eða ráðningu. Ef ætlunin hefði verið sú af hálfu löggjafans, að ríkisstarfsmenn, sem ráðnir eru ótímabundið, nyttu ekki þeirrar verndar, sem fólgin er í ákvæðinu, mætti ætla, að sérstök efnisregla hefði verið lög-mælt um stöðu þeirra og að þar hefði verið mælt fyrir um uppsögn og uppsagnarfresti eða efnisatriði, sem ráða ætti fullnaðaruppgjöri við slíkan starfsmann, þ. á. m. ef mál hans kæmi fyrir dómstóla. Þykir verða að túlka nefnda 4. gr. svo, að hún taki til starfs áfrýjanda. Eins og sakargögn-um er farið, þykir frávikning áfrýjanda úr starfi hans ekki vera réttmæt. Á hann því rétt til bóta úr hendi stefnda, sbr. 11. gr. laga nr. 38/1954.

Áfrýjandi hefur sundurliðað bótakröfur sínar fyrir Hæstarétti með sama hætti og í héraði. Hann naut fastra launa fyrir starf sitt febrúarmánuð 1967 og hálfra fastra launa fyrir starfið í marz- og aprílmánuðum og til 10. maí 1967. Samkvæmt bréfi skrifstofu ríkisspítalanna 9. nóvember 1972 voru föst mánaðarlaun fyrir starf það, er áfrýjandi gegndi, kr. 9.530.00 fyrir mánuðina febrúar til nóvember 1967. Á-lagsgreiðslur og greiðslur fyrir fasta eftir- og næturvinnu til áfrýjanda hefðu samkvæmt sömu heimild numið u. þ. b. 5.500.00 kr. á mánuði.

Áfrýjandi var sextugur að aldri, þegar honum var vikið frá starfi, og hafði hann þá gengt því u. þ. b. hálf t fjórða ár. Í málinu hafa verið lagðar fram skattskýrslur áfrýjanda árið 1969 til 1972. Þegar virtur er aldur áfrýjanda, starfs-

tími hans og starfsferill hjá stefnda, launagreiðslur frá stefnda fram til 10. maí 1967 svo og annað, er hér skiptir máli, þykja bætur hans samkvæmt 11. gr. laga nr. 38/1954 hæfilega metnar kr. 125.000.00. Ekki eru efni til að sinna kröfu áfrýjanda um bætur fyrir röskun á stöðu og högum. Samkvæmt þessu ber að dæma stefnda til að greiða áfrýjanda kr. 125.000.00 með 7% ársvöxtum frá 1. marz 1967, eins og krafizt er, svo og málskostnað í héraði og fyrir Hæstarétti, samtals kr. 60.000.00.

Dómsorð:

Stefndi, fjármálaráðherra f. h. ríkissjóðs, greiði áfrýjanda, Þorvaldi Steinasyni, kr. 125.000.00 ásamt 7% ársvöxtum frá 1. marz 1967 til greiðsludags og samtals kr. 60.000.00 í málskostnað í héraði og fyrir Hæstarétti.

S é r a t k v æ ð i

Benedikt Sigurjónssonar hæstaréttardómara.

Svo sem í hinum áfrýjaða dómi greinir, var áfrýjandi ráðinn gæzlumaður að fávítahælinu í Kópavogi 1. október 1963. Forstöðumaður hælisins annaðist ráðninguna. Ekki var gerður skriflegur ráðningarsamningur. Ætla verður, að ráðningin hafi verið ótímabundin og ekkert um uppsagnarfrest samið. Hinn 8. febrúar 1967 vék forstöðumaður hælisins áfrýjanda úr starfi um stundarsakir, en að fullu frá störfum með bréfi 10. maí 1967.

Ekki eru bornar brigður á, að forstöðumaðurinn hafi verið bær til að taka ákvarðanir þessar.

Eins og rakið er í hinum áfrýjaða dómi, fór fram fyrir sakadómi rannsókn út af kæru forstöðumanns Kópavogshælisins á hendur áfrýjanda vegna ærumeiðinga og brottvikningar áfrýjanda úr starfi. Saksóknari ríkisins gaf út ákæru á hendur áfrýjanda 23. maí 1967, þar sem ummæli áfrýjanda um forstöðumann hælisins í blaðagrein einni voru

talin varða við 108. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940. Var sakadómsmál síðan þingfest 1. október 1968. Leitt er í ljós, að dómur hafi enn eigi gengið í máli þessu.

Fallast má á þá niðurstöðu héraðsdóms, að brottvikning áfrýjanda úr starfi um stundarsakir hafi verið ógild, þar sem eigi er sannað, að honum hafi áður verið veitt áminning, sbr. 2. mgr. 7. gr. laga nr. 38/1954. Þar sem málum var þannig háttað, verður að telja, að áfrýjandi eigi rétt á fullum launum þann tíma, sem honum var vikið frá störfum um stundarsakir.

Samkvæmt ákvæðum 1. gr. laga nr. 38/1954 taka þau lög til hvers manns, sem skipaður er, settur eða ráðinn í þjónustu ríkisins. Í 2. gr. og 3. gr. laganna er og gert ráð fyrir þessum þremur hópum starfsmanna ríkisins. Í 4. gr. laganna eru ákvæði um þá, sem skipaðir eru í stöðu, og segir þar, að svo skuli á líta, að skipaður maður skuli gegna stöðu sinni, þar til fram komi eitthvert þeirra atriða, sem í greininni eru rakin. Um ráðna menn eru engin hliðstæð ákvæði í lögnum.

Eins og áður var getið, var áfrýjandi ráðinn til starfa, og eiga því ákvæði 4. gr. laga nr. 38/1954 ekki við um kjör hans.

Samkvæmt málflutningi virðist nokkuð á reiki, í hvaða stöður er skipað og í hverjar ráðið, ef ekki er beint tekið fram um það í lögum. Í bréfi fjármálaráðuneytisins 11. nóvember 1972 segir m.a., „að erfitt muni að upplýsa, í hvaða stöður sé skipað og í hverjar ráðið. Tilhögun er breytileg frá einni stofnun til annarrar, og eru það ýmist efnisatriði eða formsatriði, er ráða“. Í sama bréfi kemur einnig fram, að nokkrum ráðnum ríkisstarfsmönnum hefur verið sagt upp störfum með þriggja mánaða fyrirvara. Hins vegar verður ekki af gögnum málsins ráðið með vissu, hvaða meginstefnu hafi verið fylgt við uppsagnir ráðinna ríkisstarfsmanna.

Þar sem ákvæði skortir í lög, um hversu háttað skuli uppsögnum ráðinna ríkisstarfsmanna, og framkvæmdavenja er óglögg, verður að meta lengd hæfilegs uppsagnarfrests eft-

ir atvikum hverju sinni, nema sérstaklega hafi verið um hann samið.

Svo sem áður var getið, var áfrýjanda vikið að fullu úr starfi hinn 10. maí 1967. Því er ekki haldið fram, að áfrýjandi hafi gerzt brotlegur í starfi, þannig að réttlæti fyrirvaralausis brottvikningu hans án bóta, og blaðaskrif hans veita heldur eigi efni til slíks. Með hliðsjón af starfi áfrýjanda, starfsaldri og öðru því, er hér skiptir máli, þykir hann hafa átt rétt á þriggja mánaða uppsagnarfresti miðað við mánaðamót.

Samkvæmt þessu á áfrýjandi rétt til greiðslu úr hendi stefnda, sem svarar til áætlaðra launa hans hjá hælínu, mánuðina febrúar til og með ágúst 1967, að frádregnum þeim launum, sem hann fékk greidd frá stefnda á því tímabili. Samkvæmt gögnum málsins hefðu laun áfrýjanda á þessu tímabili átt að nema um kr. 103.000.00. Honum hafa hins vegar verið greiddar kr. 35.189.00. Samkvæmt því ákveðast hæfilegar bætur til áfrýjanda kr. 68.000.00 ásamt 7% ársvöxtum frá 1. marz 1967 til greiðsludags, eins og krafizt er.

Eftir þessum málalokum ber að dæma stefnda til að greiða áfrýjanda málskostnað í héraði og fyrir Hæstarétti, sem ákveðst samtals kr. 50.000.00.

Dómsorð:

Stefndi, fjármálaráðherra f. h. ríkissjóðs, greiði áfrýjanda, Þorvaldi Steinasyni, kr. 68.000.00 með 7% ársvöxtum frá 1. marz 1967 til greiðsludags og kr. 50.000.00 í málskostnað í héraði og fyrir Hæstarétti.

Dómur bæjarþings Reykjavíkur 16. september 1971.

Mál þetta, sem var tekið til dóms hinn 9. þ. m., hefur Þorvaldur Steinason, Borgarholtsbraut 49, Kópavogi, höfðað fyrir bæjarþinginu með stefnu, birtri 10. desember 1969, á hendur fjármálaráðherra f. h. ríkissjóðs til greiðslu skaðabóta að fjárhæð kr. 1.769.000.00 með 7% ársvöxtum frá 1. marz 1967 til greiðsludags auk málskostnaðar samkvæmt gjaldskrá Lögmannafélags Íslands.

Dómkröfur stefnda eru aðallega þær, að hann verði algerlega sýknaður af öllum kröfum stefnandans í máli þessu. Til vara krafðist stefndi þess við munnlegan flutning málsins, að hann yrði einungis dæmdur til þess að greiða stefnanda kr. 14.088.00. Í báðum tilvikum krafðist stefndi málskostnaðar úr hendi stefnanda að mati réttarins.

Reynt hefur verið að koma á sáttum í máli þessu, en sú viðleitni hefur eigi borið árangur.

Málavextir eru þessir:

Stefnandi, sem fæddur er 7. apríl 1907, réðst í þjónustu ríkisins 1. október 1963 sem gæzlumaður á fávítahælinu í Kópavogi. Hann tók laun samkvæmt 8. launaflokki launakerfis ríkisstarfsmanna. Var hann kominn í þriggja ára aldurshækkun innan launaflokksins árið 1967. Stefnandi var trúnaðarmaður starfsfélags síns, Starfsmannafélags ríkisstofnana, á Kópavogshælinu.

Hinn 3. febrúar 1967 birtist í Morgunblaðinu grein undir fyrirsögninni „Þvottur bæjarfógetans.“ Grein þessi, sem rituð var af stefnanda, er dagsett 26. janúar 1967, og hljóðar svo:

„Í MORGUNBLAÐINU 25. þ. m. birtist ritsmíð eftir Sigurgeir Jónsson, sem mun vera bæjarfógetinn í Kópavogi. Ritsmíð þessi er eftir því sem höfundur segir samin til andsvara skætingi, sem hann telur, að hafi komið í Velvakanda Morgunblaðsins til forstöðumanna og yfirlæknis Kópavogshælis.

Þessi skætingur birtist að sögn bæjarfógetans í tveim fyrirspurningum í Velvakanda dálkunum, sú fyrri í des. s.l., en hin síðari 19. þ. m. Þessar umræddu fyrirspurnir voru bornar fram og sendar, til þess að viðkomandi aðilar gætu svarað þeim eftir því sem þeim þætti ástæða til. Unga stúlkan, sem fyrirspurnirnar sendi, taldi sig hafa verið beitta órétti af forstöðumönnum Gæzlusystaskólans í Kópavogi. Og í sambandi við það óréttlæti telur hún sig hafa ástæðu til að bera fram fyrirspurnir sínar.

Fyrirspurnum sínum beinir hún til forráðamanna Kópavogshælis, Björns Gestssonar forstöðumanns, Ragnhildar Ingibergsdóttur yfirlæknis og einnig Georgs Lúðvíkssonar, framkvæmdastjóra ríkisspítalanna. Spyrrandinn taldi ekki vafa á, að svar mundi berast, að minnsta kosti ef samvizka viðkomandi aðila væri hrein.

En svar hefur ekki borizt frá viðkomandi aðilum, hvort það

á að skiljast sem bending um það, að samvizka þeirra sé ekki hrein, það verður hver og einn að álíta það, sem honum finnst sennilegast. En þó viðkomandi aðilar hafi ekki viljað eða getað sýnt sína samvizku, þá hefur þó komið sjálfboðinn hjálparandi til þeirra hluta. Bæjarfógetinn í Kópavogi hefur sem sé vaðið fram á völlinn búinn þvottatækjum. Ekki virðist samt sjálfboðaliðanum fara þvottaverkin vel úr hendi. Tilburðir hans minna helzt á þvott húsdýra þeirra, sem kettir eru nefndir.

Í grein sinni tekur bæjarfógetinn til meðferðar aðeins tvö atriði af þeim, sem um var spurt. Um fyrra atriðið, það er, þegar spurt var, hvort Gæzlusysturaskólinn sé starfræktur aðeins í þágu forstöðumanna og yfirlæknis, hefur hann það eitt að segja, að það sýni, að um skæting sé að ræða, en ekki alvarlegan málflutning. Það er nú svo. Þetta er þó sú spurning, sem brennur á vörum gæzlusystra. Þessi spurning hefur verið og verður áleitin hjá þeim gæzlusysturum og nemum, sem bolað hefur verið burt frá starfi á Kópavogshæli. Þessi spurning hlýtur að vera áleitin hjá þeim, sem kynnast því, að gæzlusysturánámið er ekki meira metið af forstöðumönnum og yfirlækni en svo, að oft eru unglingar frá 15 til 17 ára settir í starf þeirra. Þessu álitni til stuðnings er allajafna vitnað til viðtals, sem yfirlæknir átti við blaðamann á næst síðasta hausti. Þá gat læknirinn þess, að gott væri að hafa gæzlunema sem fastan starfskraft í tvö ár. En Gæzluskólinn er tveggja ára skóli. Þá segir bæjarfógetinn, að það skipti ekki máli, hvort þrjár eða átta gæzlusystur eða nemar séu látnar hætta störfum. Orðrétt segir hann: „Sé hlutfallstalan há, gefur það þá bendingu eina, að þeir, sem stofnuninni stjórna, setja markið nokkuð hátt við val á starfsfólki.“

Ekki er ég viss um það, að allir séu á einu máli um það, að þessi háa tala á gæzlusysturum og nemum, sem bolað hefur verið frá starfi á hælínu, bendi til sérlega mikillar vöndunar á vali starfsfólks. Fáum hygg ég, að komi til hugar, að það séu umskipti til góðs að bola úr starfi stúlkum, sem lokið hafa tveggja ára námi hérlandis og að auki framhaldsnámi erlendis við góðan orðstír og þar að auki starfað eitt til tvö ár við hælið og sýnt þar og sannað með starfi sínu, að þær voru mjög vel til starfsins fallnar, en taka svo í þeirra stað unglinga, allt ofan í 14 — fjórtán — ára aldur.

Það getur ekki talizt skætingur, þó á þetta sé minnzt með undrun. Það mun hafa verið of mælt hjá stúlkunni, sem fyrirspurnina gerði, að átta gæzlusystur og nemar hefðu verið reknar

frá hælínu. Fyrirspyrjandinn, Vigdís Ágústsdóttir, er sennilega sú eina, sem hefur fengið svo hreinlega meðferð. Það mun ekki hafa verið höfð svo hreinleg aðferð til að koma hinum sjö frá hælínu. (Þetta er reyndar of lág tala, það rétta er níu). Ég held, að bæjarfógetinn í Kópavogi hafi gert þeim hjónum Birni Gestssyni og Ragnhildi Ingibergsdóttur bjarnargreiða með því að taka sér í hönd þvottaáhöldin í þessu máli.

Fyrirspurnunum var beint til þeirra ásamt höfuðsins, Georgs Lúðvíkssonar, og þeim bar að svara því, en ekki einhverjum sjálfskipuðum þvottamanni, sem ekkert þekkir til mála. Jafnvel þó það sé bæjarfógetinn í Kópavogi.

En forráðamönnum Kópavogshælis, þeim Georg Lúðvíkssyni, Birni Gestssyni og Ragnhildi Ingibergsdóttur, ber skylda til þess að svara fyrirspurnum Vigdísar Ágústsdóttur skýrt og greinilega án allra vífilengja. Þá kröfu á hendur þeim á ekki aðeins Vigdís og aðrar þær stúlkur, sem telja sig hafa verið beittar bolabrögðum til þess að koma þeim frá hælínu, heldur einnig og ekki síður aðstandendur vistmanna á hælínu. Ef réttir aðilar geta ekki sannað, að fyrirspurningarnar séu reistar á misskilningi eða öðrum óraunhæfum hvötum, þá verður málið að teljast mjög alvarlegs eðlis.

Ekkert annað en greinargóð skýring frá þeirra hendi getur verið fullnægjandi.

Vaðall bæjarfógetans í Kópavogi inn á ritvöllinn hlýtur að ýta mjög undir þá útbreiddu skoðun, að þessir þrír aðilar telja sig þess umkomna að ráða þar og ráðskast með opinbera hjálparstofnun eins og þau mál komi engum öðrum við.“

Hinn 8. febrúar 1967 ritaði Björn Gestsson, forstöðumaður Kópavogshælis, stefnanda bréf, svohljóðandi:

„Hér með er yður, herra gæzlumaður, veitt lausn um stundarsakir frá starfi yðar við Kópavogshæli samkvæmt heimild í 7. gr. laga um réttindi og skyldur starfsmanna ríkisins nr. 38/1954. Ástæða fyrir lausn um stundarsakir er framkoma yðar í garð stjórnenda stofnunarinnar, meiðyrði í grein í Morgunblaðinu 3. febrúar 1967. Í samræmi við ákvæði 8. gr. framangreindra laga mun ég krefjast rannsóknar í sakadómi.“

Hinn 8. febrúar 1967 ritaði Björn Gestsson kæru til sakadóms Kópavogs. Í því kærubréfi krafðist hann þess, að rannsókn færi fram á máli þessu í sakadómi og síðar yrði höfðuð opinber saksókn á hendur stefnanda fyrir ærumeiðingar hans um sig.

Með úrskurði, uppkveðnum í sakadómi Kópavogs hinn 9. febrú-

ar 1967, vék Sigurgeir Jónsson, bæjarfógeti í Kópavogi, úr dóm-
arasæti ex officio.

Hinn 15. febrúar 1967 skipaði dóms- og kirkjumálaráðuneytið Guðmund L. Jóhannesson, fulltrúa bæjarfógeta í Hafnarfirði, til þess að vera setudómari í Kópavogi og fara með rannsókn vegna kæru Björns Gestssonar, forstöðumanns Kópavogshælis, á hendur stefnanda um ærumeiðingar og lausn stefnanda úr starfi um stundarsakir svo og til að kveða upp dóm í málinu, ef til ákæru kæmi.

Setudómarrinn hefur rannsakað mál þetta fyrir sakadómi Kópavogs. Hinn 23. maí 1967 höfðaði saksóknari ríkisins opinbert mál á hendur Þorvaldi Steinasyni fyrir ummæli í framangreindri Morgunblaðsgrein, er hann taldi varða við 108. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940. Ákæra þessi var birt Þorvaldi Steinasyni 27. október 1967. Sakamálið var þingfest 1. október 1968. Dómur í því máli hefur enn eigi verið uppkveðinn.

Meðan stefnanda var veitt lausn um stundarsakir frá 8. febrúar 1967 til 10. maí, naut hann hálfra launa. Þá var honum vikið úr starfi að fullu, og hefur hann ekki notið neinna launa síðan. Stefnandi vann vaktavinnu, 8 tíma í senn: Dagvakt og morgunvakt til skiptis, annan hvern dag, en næturvaktir tvær vikur í senn með fjögurra vikna millibili. Honum bar að skila 44 klukkustundum á viku samkvæmt dómi kjaradóms, en hann skilaði á hverri viku 48 klukkustundum. Stefnandi kveðst því hafa haft fasta yfirvinnu, 4 klukkustundir á viku hverri.

Björn Gestsson, forstöðumaður Kópavogshælis, hefur borið, að stefnandi hafi fengið áminningu, áður en honum var vikið úr starfi. Í fyrra skiptið hafi það verið út af blaðagrein, sem stefnandi hafi ritað og sent hr. Georg Lúðvíkssyni, framkvæmdastjóra ríkisspítalanna, í pósti. Hafi grein þessi borizt Georg 13. febrúar 1965. Hún hafi þá verið óundirrituð, en fjallað um hús-næðismál tveggja gæzlusystra á Kópavogshæli og því verið hót-að, að greinin mundi birtast í blaði á næstunni, ef ekki yrði gengið að þeim kröfum, sem settar hafi verið fram í greininni. Mánudaginn 15. febrúar 1965 segir Björn Gestsson, að hann, yfirlæknir Kópavogshælis, eiginkona Björns, frú Ragnhildur Ingibergsdóttir, og Georg Lúðvíksson, framkvæmdastjóri ríkisspítalanna, hafi átt tal við stefnanda um téða blaðagrein. Hafi stefnandi viðurkennt að vera höfundur hennar og kveður það mistök sín, að bréfið hafi verið óundirritað. Björn kveður þau þrjú

hafa reynt að leiða stefnanda fyrir sjónir, að engum væri til góðs, að grein þessi birtist í blöðunum, og sízt af öllu væri það hagur hælísins, sem væri í örum vexti, né heldur þeirra stúlkna, sem hlut ættu að máli. Þess vegna segir Björn, að þau hafi beðið stefnanda að láta af þeirri ætlun sinni að birta greinina. Þetta samtal kveður Björn hafa verið áminningu, þótt ekki hafi þau hótað brottrekstri úr starfi, ef umrædd grein birtist í blöðum. Grein þessi birtist í dagblaðinu Þjóðviljanum 18. febrúar 1965 undir fyrirsögninni „Fyrir hverja er húsið?“

Á fyrrnefndum fundi segir Björn, að fleira hafi verið rætt við stefnanda varðandi hegðun hans á Kópavogshæli, m. a. atvik, sem borið hafi við öðru hvoru megin við áramótin 1964—1965, þó frekar í janúar, að hann og eiginkona hans, frú Ragnhildur Ingibergsdóttir, yfirlæknir á Kópavogshæli, hafi verið í heimsókn hjá kunningja sínum í Kópavogi og setið þar, þangað til einhvern tíma á öðrum tímanum eftir miðnætti. Vegna þess að vistkona á kvennadeild hælísins hafi verið veik, hafi frú Ragnhildur viljað athuga líðan hennar, áður en þau færu að sofa. Þegar þau hjónin hafi komið í býtibúrið á kvennadeild, hafi verið þar fyrir hópur af stúlkum, nemar og starfsstúlkur, sem ekki hafi átt að vera þar, en þennan vetur kveður Björn þau hjónin oft hafa brýnt fyrir stúlkunum, að kvöld- og nætursamkomur í býtibúrum væru bannaðar. Þarna hafi stefnandi einnig verið, sem hafi hætt vinnu á karladeild kl. 2400. Hafi stefnandi verið þar með einhvers konar spádóma eða draumaráðningarbók. Stúlkurnar hafi vitað, að slíkar samkomur voru óleyfilegar, og hafi þær, sem ekki hafi verið þarna við vinnu, horfið á braut. Þorvaldur Steinason hafi hins vegar setið sem fastast. Kvaðst Björn hafa hinkrað við, þar eð hann hafi búizt við því, að stefnandi mundi vilja bera fram afsökun sína, en gæzlumönnum á karladeild séu bannaðar ferðir á kvennadeild, nema þeir séu sérstaklega kvaddir til starfa þar. Stefnandi hafi þagað og eftir stundarkorn hafi frú Ragnhildur Ingibergsdóttir rekið hann út. Hvaða orð hún hafi haft þar um, mundi Björn ekki lengur orðrétt, en hér hafi fyllilega verið um fullkomna áminningu að ræða. Í þetta sinni hafi stefnandi svarað fáu eða engu, en á framangreindum fundi á skrifstofu forstöðumanns ríkisspítalanna hafi stefnandi viðurkennt, að hegðun sín í umrætt sinn hafi ekki verið eins og hún átti að vera.

Björn Gestsson kvaðst ekki minnst þess, að stefnandi hefði oftari verið áminntur en í þessi tvö skipti, og ekki kvaðst hann

heldur hafa það að setja út á störf Þorvalds, að hann hafi rekið hann þess vegna.

Stefnandi hefur borið, að hann hafi átt fund á skrifstofu ríkisspítalanna með forstöðumanni Kópavogshælis, framkvæmdastjóra ríkisspítalanna og frú Ragnhildi Ingibergsdóttur, yfirlækni Kópavogshælis. Hafi tal þeirra snúist um blaðagrein þá, sem stefnandi birti síðar í Þjóðviljanum 18. febrúar 1965 undir fyrirsögninni „Fyrir hverja er húsið?“. Kvaðst stefnandi áður hafa rætt við Björn Gestsson, forstöðumann hælísins, um þau húsnæðisvandræði, sem minnst er á í blaðagrein þessari. Tilmæli sín hafi hins vegar ekki verið tekin til greina um, að gæzlusystur þær, sem vikið er að í greininni, fengju að halda húsnæði því, sem þær hafi verið í. Hafi þeim verið sagt upp, án þess að hann vissi, að tilgreindar væru neinar ástæður. Á fundi þessum í skrifstofu ríkisspítalanna hafi sú ástæða hins vegar komið fram, að ekki hafi verið talið forsvaranlegt vegna foreldra annarra gæzlusystra og starfsstúlkna, að stúlkur, sem átt hefðu börn utan hjónabands, fengju að hafa vist í starfsmannahúsinu. Taldi stefnandi, að frú Ragnhildur Ingibergsdóttir yfirlæknir hefði minnst á þetta. Stefnandi kvaðst hafa sagt, að grein þessi mundi birtast í blöðunum, ef stúlkum þeim, er minnst er á í greininni, yrði ekki veitt einhver úrlausn. Stefnandi sagði, að því hefði verið hótad, að nöfn þeirra gæzlusystra, sem vikið er að í greininni, yrðu birt, ef greinin mundi birtast, og enn fremur hefði verið á það minnst, að birting greinarinnar mundi skaða Kópavogshælið, en stefnandi kvaðst hafa verið á öndverðri skoðun, hvað þetta snerti.

Varðandi vist sína á kvennadeild Kópavogshælisins eftir miðnætti, svo sem Björn Gestsson hefur borið um, hefur stefnandi þetta að segja: Hann kvaðst hafa lokið vakt sinni kl. 2400. En klukkan 2415 hafi hann farið yfir á kvennadeild hælísins, þar sem Ingibjörg Kolka Bergsteinsdóttir gæzlunemi hafi verið ein á vakt. Hafi Ingibjörg mælt til þess, að hann dveldist einhverja stund hjá sér, þar sem engin bakvakt væri og hún því ein, en stefnandi kvað hana hafa verið 17 ára. Nokkru síðar hafi stúlkur af hælínu komið af dansleik og hafi verið rætt saman og drukkið kaffi, þar til forstöðumaðurinn kom. Í umrætt sinn hafi frú Ragnhildur Ingibergsdóttir yfirlæknir sagt sér, að karlmönnum væri óheimil dvöl á þessum tíma á kvennadeild hælísins. Kvaðst stefnandi þá hafa sagt við yfirlækninn, að hann hefði ekki vitað þetta, en vissi það núna. Björn Gestsson for-

stöðumaður hafi hins vegar ekkert sagt. Stefnandi minnst þess ekki, að á áðurnefndum fundi á skrifstofu ríkisspítalanna hafi verið minnst á þetta atvik. Ekki kvaðst stefnandi hafa verið áminntur fyrir starf sitt, og hann kvaðst ekki hafa litið á áðurnefnd atvik og það, sem fram hafi komið í sambandi við þau, sem áminningu.

Vitnið Ingibjörg Kolka Bergsteinsdóttir hefur borið, að hún minnst þess, að í byrjun árs 1965 hafi hún verið á næturvakt. Hafi Björn Gestsson, forstöðumaður Kópavogshælis, og frú Ragnhildur Ingibergsdóttir yfirlæknir komið eftir miðnætti einu sinni. Hafi þá verið stödd þar Katrín Guðnadóttir, Þorvaldur Steinason og nokkrar stúlkur. Kvað Ingibjörg starfstúlkurnar hafa farið í burtu, strax eftir að Björn Gestsson kom, en talað hafi verið við stefnanda og hann inntur eftir því, hvort hann vissi ekki, að honum væri bönnuð dvöl á kvennadeild hælisins á þessum tíma sólahrings. Hafi stefnandi þá sagt, að hann vissi það allavega núna. Vitnið kveðst ekki muna nákvæmlega, hvað þeim hafi farið á milli eftir þetta, en kvaðst minnst þess, að annað hvort Björn Gestsson eða frú Ragnhildur Ingibergsdóttir hafi tjáð stefnanda, að slíkt mætti ekki endurtaka sig. Skömmu síðar hafi svo stefnandi farið. Vitnið kvaðst ekki minnst þess, hvort hjónanna hafi talað við stefnanda, en minnti þó heldur, að það hafi verið frú Ragnhildur. Vitnið kvaðst ekki muna, hvort það hafi beðið stefnanda að vera hjá sér umrætt sinn. Það kvaðst hafa verið eitt á vaktinni framan af og því sé hugsanlegt, að það hafi beðið stefnanda þessa, enda þótt það gæti ekki fullyrt um það.

Vitnið Ragnhildur Ingibergsdóttir, yfirlæknir á Kópavogshæli, hefur borið, að öllum starfsmönnum hælisins hafi verið það ljóst, að þeim var óheimil dvöl á vinnustað að kvöldlagi eða nóttu, er þeir voru ekki að störfum. Í umrætt sinn, er það hafi komið að stefnanda eftir kl. 2400 í býtibúrinu, kvaðst vitnið hafa áminnt stefnanda sem og aðra um þetta og gert stefnanda ljóst, að þetta væri brot á starfsreglum hælisins. Vitnið kvað karlmönnum hafa verið bönnuð vist á kvennadeild, nema þeim starfsmanni, sem var á vakt á karladeild og þurfti að aðstoða í neyðartilfellum. Kvennadeildin sé algerlega í sérstöku húsi, aðskilin frá karladeildinni. Vitnið sagði, að nýjum starfsmönnum væri ekki kynntar neinar skriflegar almennar reglur um starfið, heldur hafi verið farið eftir sömu reglum og á sjúkrahúsum, þannig að hverri deild séu sett skrifleg fyrirmæli um það, hvað hver

starfsmaður á að gera á hverjum tíma, og auk þess fái nemarnir prentað blað með starfsskyldum þeirra, áður en þeir hefji nám. Að öðru leyti felist reglurnar í munnlegum yfirmælum yfirmanna á hverjum tíma.

Stefnandi byggir dómkröfur sínar á þeirri meginreglu, að ríkisstarfsmönnum verði ekki vikið úr starfi fyrirvararlaust án bóta, nema einhver þau atvik séu fyrir hendi, sem um er að ræða í 4. gr. laga nr. 38/1954, lög um réttindi og skyldur starfsmanna ríkisins, sem réttlæti fyrirvaralaus brottvikningu. Því sé ekki að heilsa í þessu máli. Stefnandi hafi verið trúnaðarmaður á vinnustað. Það hafi því verið skylda hans að fylgjast með því, að ekki væru brotin lög á starfsfólki. Starfsfólkið á Kópavogshæli hafi kvartað við stefnanda undan framkomu yfirmanna hælisins. Stefnandi hafi látið málið til sín taka og ekki átt annarra kosta vöð, þar sem ekki hafi verið hlustað á hann af yfirmönnum stofnunarinnar, en leita til blaðanna, sem sé hinn eðlilegi vettvangur. Þar hafi hann haft uppi gagnrýni, sem yfirmaður hælisins hafi ekki getað fyllt sig við, og það leitt til brottrekstrar stefnanda. Að íslenskum stjórnarlögum sé það meginregla, að menn hafi tjáningarfrelsi. Um rittfrelsi sé sérstaklega fjallað í 72. gr. stjórnarskrárinnar. Meiðyrðalöggjöfin feli að vísu í sér takmörkun á þeirri meginreglu. Nú hafi verið gefin út ákæra á hendur stefnanda fyrir brot gegn 108. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940, en öll þau ummæli, sem stefnandi sé talinn bera refsíákvæði á, séu vægast sagt mjög óveruleg. Virðist stefnanda viðkvæmni yfirmannsins, Björn Gestssonar, allt of mikil og á engan hátt geti hún réttlætt brottvikningu. Birni Gestssyni og eiginkonu hans, frú Ragnhildi Ingibergsdóttur, yfirlækni Kópavogshælis, hafi sárnað hin opinbera gagnrýni stefnanda. Þess vegna hafi þau þróað með sér illan hug í garð hans, er leitt hafi til þess, að Björn Gestsson rak stefnanda úr starfi. Jafnvel þótt lítið yrði svo á, að stefnandi hafi gert sig sekan um ávirðingar með gagnrýni sinni, séu þær þó ekki þannig vaxnar, að þær geti réttlætt stöðumissi. Stefnandi bendir og á það, að sér hafi ekki verið veitt áminning og því eigi verið gefinn kostur á að bæta ráð sitt, sbr. 2. mgr. 7. gr. laga nr. 38/1954. Ekki hafi sér heldur verið veittur kostur þess að tala máli sínu, áður en brottvikningin kom til framkvæmdar.

Af því, sem nú hefur verið rakið, telur stefnandi ljóst, að sér hafi verið sagt upp án saka. Þetta leiði til skaðabótaskyldu fyrir

ríkissjóð, svo sem ýmsir hæstaréttardómar í þessum efnum beri vitni um.

Stefnandi sundurliðar bótakröfu sína þannig:

1. Atvinnutekjutap	kr. 1.532.000.00
2. Verðmæti eftirlaunaréttar	— 37.000.00
3. Bætur fyrir röskun á stöðu og högum ..	— 200.000.00
	Kr. 1.769.000.00

Verður nú vikið að hinum einstöku liðum stefnukröfunnar.

Stefnandi hefur fengið Jón Erling Þorláksson tryggingafræðing til þess að reikna út tjón sitt. Útreikningur tryggingafræðingsins er dagsettur 4. desember 1968 og hljóðar svo að loknum upphafsorðum:

„Þorvaldur er fæddur 6/4 1907, en hóf störf á hælínu 1/10 1963. Hann tók laun í 8. lfl. miðað við 3ja ára starfsaldur, en hefði hækkað í 5 ára starfsaldur 1/10 1968, í 8 ára starfsaldur 1/10 1971 og 12 ára starfsaldur 1/10 1975 samkvæmt launakerfi ríkisstarfsmanna, eins og það er nú. Hann hafði nokkra yfirvinnu og vaktaálag, eins og þér takið fram í bréfi yðar. Af skattframtölum hans má ráða, að aukagreiðslur til hans af þessum sökum hafi numið 47% af föstum launum árið 1965 og 51% árið 1966. Á grundvelli þess hef ég áætlað, að slíkar aukatekjur hefðu framvegis numið 49% af föstum launum, ef hann hefði unnið áfram á hælínu, þó lækkar þetta hlutfall nokkuð þegar á árinu 1968 vegna þess, að verðlagsuppbót á yfirvinnu er hlutfallslega lægri en á föst laun og auk þess hækka ekki aukatekjurnar með starfsaldri, eins og föstu launin gera.

Með hliðsjón af upplýsingum frá skrifstofu ríkisspítalanna hef ég gert ráð fyrir eftirfarandi tekjutapi á hverjum mánuði:

		Föst laun	Aukalaun
marz	1967	4696	
apríl	—	4696	
maí	—	4696	4602
júní	—	9392	4602
júlí	—	9392	4602

og síðan smáhækkandi eftir því, sem vísitölubreytingar og grunnlaunabreytingar, sem þegar eru komnar til framkvæmda, svo og

aldurshækkanir segja til um allt til ársloka 1977. Mánaðarlegt tekjutap frá 1/10 1975, þegar launin hafa náð hámarki, er með þessum hætti: Föst laun kr. 12.280, aukalaun kr. 5.220.

Þegar laun þessi eru kapitaliseruð miðað við 1/3 1967, reiknast mér verðmæti tekjutaps vera:

Föst laun	kr. 1.053.000
Aukalaun	— 479.000

og er þá miðað við 7% vexti og dánarlíkur íslenskra karla skv. reynslu árána 1961—1965.

Ef Þorvaldur hefði starfað hjá hælínu áfram til 70 ára aldurs, hefði hann átt rétt til eftirlauna úr Lífeyrissjóði starfsmanna ríkisins, og má áætla, að eftirlaun hefðu numið 22% af föstum launum, eins og þau voru síðasta vinnuárið, eða um 32.000 kr. á ári með nógildandi launastiga. Verðmæti slíkra eftirlauna, þegar þau eru kapitaliseruð miðað við 1/3 1967 og 7% vexti, reiknast mér nema um kr. 75.000.00. Á móti kemur það, að hann á rétt á endurgreiðslu þeirra iðgjalda, sem hann hafði greitt til sjóðsins, þegar hann lét af störfum (iðgjöld frá ársbyrjun 1965 til maí 1967), og losnar við að greiða iðgjöld til hans framvegis. Verðmæti þessara iðgjalda á sama tíma reiknast mér nema um kr. 38.000.00.“

Stefnandi byggir 1. og 2. kröfulið á þessum útreikningi tryggingafræðingsins.

Priðja kröfulið stefnukröfunnar rökstyður stefnandi á eftirfarandi hátt: Hér sé um að ræða bætur fyrir röskun á stöðu og högum. Heimild fyrir þessum lið sé að finna í 1. málsg. 264. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940. Telur stefnandi, að meingerð sú, sem yfirmaður Kópavogshælis hafi gert sig sekan um gagnvart sér með brottvikningunni, sé drýgð af illfýsi í garð stefnanda, þar sem stefnandi hafi haft uppi gagnrýni á opinberum vettvangi á yfirmanninn. Þetta hafi leitt til þess, að yfirmaðurinn hafi þróað með sér illan hug í garð stefnanda.

Við munnlegan flutning málsins rökstuddi lögmaður stefnda kröfu sína með því, að 4. gr. laga nr. 38/1954 ætti e kontrario ekki við um stefnanda, þar sem hann hafi verið ráðinn starfsmaður, en ekki skipaður. Hafi því verið heimilt að veita honum laun frá starfi án bóta, þar sem stefnandi hafi gert sig sekan um ávirðingar, bæði með því að vera inni á kvennadeild hælísins á óleyfilegum tíma og einnig með því að birta ærumeiðandi skrif

um yfirmenn sína. Taldi lögmaður stefnda, að stefnandi hafi áður verið búinn að fá áminningu vegna fyrri yfirsjóna sinna, því hafi brottvikning hans verið réttmæt. Verði hins vegar talið, að stefnandi eigi einhvern skaðabótarétt, þá geti hann ekki verið meiri en sem nemur hálfum launum í þrjá mánuði, en það séu samtals kr. 14.088.00, og er varakrafa stefnda miðuð við þá fjárhæð.

Lögmaður stefnanda mótmælti við munnlegan flutning málsins sem of seint fram kominni þeirri málsástæðu lögmanns stefnda, að 4. gr. laga nr. 38/1954 ætti ekki við um stefnanda, þar sem hann væri ráðinn starfsmaður.

Þar sem hér er um málsástæðu að ræða, er byggist á lögum, þá þykir hún ekki of seint fram komin, enda þótt henni hafi fyrst verið hreyft við munnlegan flutning málsins, þar sem hún útheimti ekki frekari gagnaöflun. Verður því að hafa þessa málsástæðu í huga við uppkvaðningu dóms þessa.

Gegn andmælum af hálfu stefnanda er það ósannað, að honum hafi verið veitt áminning, áður en honum var veitt lausn um stundarsakir, svo sem fyrir er mælt í 7. gr. laga nr. 38 14. apríl 1954 um réttindi og skyldur starfsmanna ríkisins. Af þessum sökum teljast ekki hafa verið fyrir hendi lögformleg skilyrði til að víkja stefnanda úr starfi um stundarsakir. Brottvikning hans var því ógild, og breytir grein sú, er stefnandi reit og birtist í Morgunblaðinu hinn 3. febrúar 1967 undir fyrirsögninni „Þvottur bæjarfógetans“ hér engu um. Sú grein réttlætti hvorki brottvikningu um stundarsakir án áminningar né heldur brottvikningu að fullu og öllu, og þar sem því er ekki haldið fram, að stefnandi hafi gerzt sekur um misfellur í starfi sínu, þá á hann rétt á skaðabótum vegna hinnar ólögmetu brottvikningar. Við ákvörðun þeirra bóta á 4. gr. laga nr. 38/1954 ekki við, þar sem stefnandi var ráðinn starfsmaður, en ekki skipaður.

Stefnandi hafði unnið sem gæzlumaður á Kópavogshæli rúm þrjú ár, er honum var vikið úr starfi. Af lögum nr. 38/1954 verður ekki ráðið, hve slíkur starfsmaður hefur áunnið sér langan uppsagnarfrest, en með hliðsjón af hæstaréttardómi í XXX, bls. 691, þykir rétt að miða hér við það, að stefnandi hafi átt rétt á þriggja mánaða uppsagnarfresti. Þegar þetta er haft í huga svo og það, að stefnandi hafði í starfi sínu fasta yfirvinnu og vaktaálág, svo sem að er vikið í útreikningum hér að framan, þá þykja skaðabætur honum til handa hæfilega metnar kr. 25.000.00, enda voru stefnanda greidd hálf laun, meðan brottvikn-

ing hans um stundarsakir varði. Að öðru leyti telur rétturinn fjárkröfu stefnanda á hendur stefnda ekki hafa við rök að styðjast.

Eftir þessum málalokum verður stefndi dæmdur til að greiða stefnanda málskostnað, er ákveðst kr. 15.270.00 Af þeirri fjárhæð nemur útlagður kostnaður stefnanda kr. 7.770.00 samkvæmt framlögðum málskostnaðarreikningi.

Við munnlegan flutning málsins krafðist lögmaður stefnda þess, að lögmaður stefnanda yrði víttur fyrir þau ummæli í greinargerð, að þau Björn Gestsson og frú Ragnhildur Ingibergsdóttir „hafi þróað með sér illan hug í garð stefnanda“ og að brottvikningin „sé drýgð af illfýsi í garð stefnanda.“

Lögmaður stefnanda byggir kröfur sínar um bætur fyrir röskun á stöðu og högum á 1. málsg. 264 gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940. Samkvæmt þeirri grein er það lagaskilyrði fyrir bótum þessum, að meingerð megi telja drýgða af illfýsi. Lögmanni stefnanda var því rétt að taka svo til orða sem hann gerði, og á það eigi að varða hann vítum, enda þótt rétturinn féllist ekki á fjárkröfu þessa. Krafa lögmanns stefnda um vítur á hendur lögmanni stefnanda er því ekki tekin til greina.

Úrslit málsins verða því þau, að stefndi er dæmdur til þess að greiða stefnanda kr. 25.000.00 með 7% ársvöxtum frá 1. marz 1967 til greiðsludags auk kr. 15.270.00 í málskostnað.

Magnús Thoroddsen borgardómari kvað upp dóm þennan.

Dómsorð:

Stefndi, fjármálaráðherra f. h. ríkissjóðs, greiði stefnanda, Þorvaldi Steinasyni, kr. 25.000.00 með 7% ársvöxtum frá 1. marz 1967 til greiðsludags og kr. 15.270.00 í málskostnað.

Dómi þessum ber að fullnægja innan 15 daga frá lögbirtingu hans að viðlagðri aðför að lögum.